

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- |                          |                |
|--------------------------|----------------|
| 1. Skreið . . . . .      | Útborgun 4,0%  |
| 2. Hörpudiskur . . . . . | Útborgun 12,8% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða ofangreindra reikninga ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í aprílmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. mars 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### Visindasjóðs Gigtarfélags Íslands

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Gigtarfélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf frá Tryggingu hf., kr. 250 000, það fé sem safnast hefur með sérstöku átaki tengdu Norrænu gigtarári 1992 kr. 2 007 249 og það sem fyrir var í sjóði.

Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstólinn.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróun vísinda innan gigtsjúkdómafræðinnar.

#### 4. gr.

Vísindaráð Gigtarfélags Íslands fer með stjórn sjóðsins. Ráðið fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun. Umsóknir skulu studdar greinargerð um markmið og framkvæmd verkefnis og tekur ráðið ákvörðun um afgreiðslu þeirra. Ráðið skal halda sérstaka gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

#### 5. gr.

Árlega úthlutar stjórn sjóðsins styrkjum, í fyrsta sinn 1993. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðabók sjóðsins.